

Alþingi
Nefndasvið
nefnasvið@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. október 2020

Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021, mál 1 og tillögu til þingsályktunar, Fjármálaáætlun 2021-2025, mál 2.

Mælingar á stofnstærð loðnu

Talsverðar breytingar hafa orðið á umhverfi sjávar hér við land á síðustu áratugum. Miklar breytingar hafa orðið á stofnstærð, útbreiðslusvæði og gönguáttferli loðnunar á síðustu 10 árum. Loðna er einn okkar mikilvægasti nytjastofn auk þess að vera mikilvæg fæða fyrir aðra nytjastofna eins og þorsk. Breytingar á útbreiðslu, stofnstærð og atferli loðnunnar hafa kallað á breyttar, meiri og kostnaðsamari rannsóknir og mælingar á loðnu. Við mælingar á hrygningargöngu og veiðistofni loðnunnar sem gengur að landinu norðanverðu í janúar og febrúar hafa útgerðir uppsjávarskipa hlaupið undir bagga með Hafrannsóknastofnun. Mæla þarf stórt hafsvæði á stuttum tíma til að ná góðri mælingu og þar við bætist að veður getur truflað mælingar og þarf því að nýta tímann vel á milli illviðra. Fram á þetta ár, 2020, hafa útgerðirnar gert þetta á sinn kostnað. Síðustu 2 ár (vertíðirnar 2019 og 2020) var stofnstærð loðnu hins vegar það lítil að veiði var ekki leyfð. Útgerðirnar eru því ekki tilbúnar að leggja í þennan kostnað lengur og benda á að þær greiði þegar skatta og veiðigjöld þeim til viðbótar. Samningar tókust á þessu ári á milli Hafrannsóknastofnunar og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS, að útgerðirnar komu og mældu með okkur en Hafrannsóknastofnun greiddi þeim 30 milljónir. Þeir fjármunir voru teknir af rekstrarfé stofnunarinnar. Heildarkostnaður vegna þessa var samt talsvert hærri eða um 120 milljónir.

Hafrannsóknastofnun hefur gert áætlun um loðnuleit og mælingar á næsta ári og er tilbúið útboð á skipum í mælingarnar sem unnið er með Ríkiskaupum. Viðbótarkostnaður vegna þessa sem stofnunin þarf að greiða er áætlaður 120 milljónir. Stofnunin getur illa ráðið við þann viðbótarkostnað án þess að það bitni á öðrum rannsóknum eða mælingum á nytjastofnum. Því er farið fram á viðbótarfjárframlag um þá upphæð sem er komin til með að vera á komandi árum.

Auknar rannsóknir í fiskeldi

Sjókvíaeldi á laxfiskum hefur vaxið mjög á síðustu árum á Vestfjörðum og Austfjörðum. Þá er einnig að vaxa landeldi á laxfiskum. Búið er að skapa eldinu ákveðna umgjörð um sjókvíaeldið með burðarþolsmati og áhættumati vegna erfðablöndunar. Þannig ætti eldið að geta vaxið og þróast án þess að umhverfið hljóti skaða af né náttúrlegir laxastofnar. Þó að sjókvíaeldi á laxi sé vel þekkt aðferð er margt óunnið þegar aðlaga þarf eldisaðferðir íslensku umhverfi. Mikil þörf er á rannsóknum þar að lútandi í samvinnu við eldisaðila. Til að styðja við og hraða þeirri þróun væri mikill akkur í því að ráða sérfræðing í fiskeldi á Ísafjörð og annan á Norðfjörð en þar hyggst stofnunin setja á laggirnar starfstöð. Þá er þörf á auknu rannsóknarstarfi í ört vaxandi landeldi á fiski og stofnunin þarf á sérfræðingi í Grindavík eða Hafnarfirði á því sviði að halda. Með samningum við eldisfyrirtækin um rannsókn- og þróunarverkefni á þessum svæðum myndi skapast grundvöllur þar fyrir enn fleiri starfsmenn. Farið er fram á fjárveitingu að upphæð 45 milljónir vegna þessa sem hugsuð er til að hraða uppbyggingu fiskeldis hér á landi.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðjónsson, forstjóri